

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða heilbrigðisstofnanir er ráðgert að sameina á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi, sbr. tilkynningu ráðuneytisins frá 7. mars sl.?
2. Hvaða breytingar eru áformaðar á núverandi starfsemi einstakra stofnana sem eiga í hlut og hver verða áhrifin á fjárveitingar ríkisins til þeirra?
3. Eru einhver sérstök vandkvæði í rekstri þeirra stofnana sem sameina á varðandi fjárhag eða þjónustu sem sameiningunni er ætlað að bæta úr?